

Nd.

383. Frumvarp til laga

[193. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Flm.: Karvel Pálmason.

1. gr.

1. málsg. 19. gr. laganna hljóði svo:

Ef aðrar tekjur elli- eða örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginganna fara ekki fram úr 96 000 kr. á ári, skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð 96 000 kr. á ári. Hafi bótabeginn hins vegar tekjur umfram 96 000 kr. á ári, skal skerða uppbótina um helming þeirra tekna, sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri, eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði þau, sem nú eru í 1. málsg. 19. gr. almannatryggingalaganna, voru sett til þess að gefa því fólki, sem á rétt á lágum greiðslum úr lífeyrissjóðum eða getur aflað sér smávægilegra tekna, kost á því að njóta jafnhliða góðs af tekju-tryggingu almannatrygginga. Sú upphæð, sem nú gildir, er hins vegar orðin allt of lág með tilliti til þeirrar stórfelldu verðbólguþróunar, sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf undanfarna mánuði. Þess vegna er lagt til, að þetta hámark annarra tekna en lífeyris almannatrygginga hækki úr 41 300 kr. á ári í 96 000 kr. á ári eða 8 000 kr. á mánuði. Nái slík breyting ekki fram að ganga er hætt við, að núgildandi lagaákvæði leiði til þess, að ýmsir ellilífeyrisþegar, sem hefðu áhuga á að stunda vinnu hluta úr degi, hætti þátttöku í atvinnulífínu. Slík þróun er mjög óæskileg bæði frá sjónarmiði einstaklingsins, sem vill vinna, og þjóðfélagsins í heild.